



Ingibjörg H. Sverrisdóttir

Ég undirrituð óska eftir endurkjöri til formanns Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB) á aðalfundi félagsins sem fram fer þriðjudaginn 8. mars kl. 13:30.

Á 2ja ára formannstíð minni hjá FEB hef ég fengið að kynnast starfinu enn betur en áður og ljóst að verkefni eru fjölmörg. Veiran hefur heft ýmsa starfsemi, en þó tekist með samstillu átaki stjórnar og starfsmanna að halda félagsstarfinu gangandi með hléum og innan leyfilegra marka sem stjórnvöld hafa sett.

Ég er fædd í Reykjavík 24. mars 1947 og ólst upp í Reykjavík og Vestmannaeyjum. Starfsvettvangur minn hefur að mestu verið í ferðaþjónustunni bæði hérlendis og erlendis. Ég stundaði tungumálanám í Þýskalandi og Spáni og á fullorðinsárum nám við Menntaskólann í Hamrahlíð og síðar við Háskóla Íslands í ferðamálafræðum. Ég hef setið ótal endurmenntunarnámskeið í ýmsum greinum í tengslum við störf mín hverju sinni. Þá hef ég sinnt kennslu í þremur ferðamálastólum hérlendis og kennt verðandi ferðaráðgjöfum í 10 ár. Þátttaka í verkalyðsbaráttu á yngri árum var þónokkur og um tíma var ég formaður deildar innan VR og í nokkrum samninganefndum um kaup og kjör. Með þátttöku í tveimur kvenfélögum næ ég að sinna góðgerðamálum; í öðru þeirra er ég í nefndarstarfi og hinu í stjórn.

Grái herinn og kjör eldri borgara eiga hug minn þessa stundina því ég frá upphafi tekið virkan þátt í undirbúningi málaferla við ríkið vegna skerðinga á greiðslum til lífeyrisþega. Nú er ég ein af þremur ákærendum sem erum að sækja málið fyrir hönd allra eldri borgara með stuðningi Málsóknarsjóðs Gráa hersins sem kostar málaferlin við ríkið.

Ég hef mikinn áhuga á að halda áfram með þau verkefni sem eru félaginu brýn eins og kjaramálin, húsnæðismál eldra fólks, efla félagsstarfið enn frekar, vinna meira að heilsueflingu og hvetja til frekari virkni eldra fólks í ýmsum málum. Ferðaskrifstofan okkar, Febferðir, eflist með hverju árinu og vinsældir ferðanna hafa verið hvatning til að gera enn betur í þeim málum bæði varðandi innanlands- og utanlandsferðir.

Ég óska því eftir stuðningi til endurkjörs til næstu 2ja ára eins og lög félagsins segja til um.

Með vinsemd og virðingu,

Ingibjörg H. Sverrisdóttir



Þorkell Sigurlaugsson

býður sig fram til formennsku í FEB

Ég undirritaður Þorkell Sigurlaugsson, kt. 020553-4059 býð mig fram til formanns á aðalfundi FEB sem haldinn verður þann 8. mars nk. Ég er 68 ára að aldri og fullur áhuga að starfa að ýmsum áhugaverðum verkefnum sem snúa að hagsmunum og áhugamálum eldri íbúa.

Eftir að ég lauk námi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands starfaði ég sem framkvæmdastjóri hjá Eimskip fram til ársins 2004 lengst af við kaup og sölu skipa stefnumótun, skipulagsbreytingar og í ýmsum fjárfestingaverkefnum á vegum félagsins. Árið 2004 skipti ég um starfsvettvang og gerðist framkvæmdastjóri fasteignareksturs og fjármála hjá Háskólanum í Reykjavík. Starfaði þar á uppgangsrúm háskólans til ársins 2017 og m.a. sem verkefnastjóri við uppbyggingu framtíðarhúsnæðis hans í Nauthólsvík.

Ég var stjórnarmaður í Framtakssjóði Íslands frá stofnun sjóðsins árið 2010 og fljótlega stjórnarformaður sjóðsins sem lét af störfum á síðasta ári. Hef ávallt þurft að sinna stjórnun og fjármálum og stefnumótun í þeim verkefnum sem ég hef tekið að mér. Ég hef einnig starfað að málefnum frjálsra félagasamtaka í þriðja geiranum. Var á árunum 2008-2014 formaður stjórnar Sjálfsbjargarheimilisins sem rekið er af Sjálfsbjörg, landssambandi hreyfihamlaðra og er varaformaður landssamtakanna „Spítalinn okkar“ sem eru samtök um uppbyggingu ný húsnæðis Landspítala háskóla- og rannsóknarsjúkrahúss.

Ég hef mikinn áhuga á að efla enn frekar starfsemi FEB og þá einkum þá þætti sem snúa að aukinni virkni þessa aldurshóps í samfélaginu, forvarnir og endurhæfingu, fræðslu og menntun, menningarmálum og starfsmiðlun fyrir þá sem vilja starfa áfram að einhverjum verkefnum þrátt fyrir að vera komin á efri ár. Ferðalög innanlands og erlendis njóta einnig vaxandi vinsælda eftir COVID og margt fleira.

Ég er kvæntur Kristínu Vignisdóttur, sem jafnframt er í FEB og eigum við þrjú börn, Ester Rósu, Sæunni Björk og Sigurlaug og 8 barnabörn.

Þorkell Sigurlaugsson
thorkellsig@gmail.com

Mánatúni 15
105 Reykjavík
Sími; 6206222